

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/1930****2023/EES/45/04****frá 6. júlí 2022****um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð  
(ESB) 2018/1229 að því er varðar daginn þegar ákvæði tengd reglum um uppgjörskaup  
koma til framkvæmda (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 15. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 <sup>(2)</sup> eru tilgreindar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og takast á við uppgjörsbresti og hvetja til aga í uppgjöri. Þessar ráðstafanir ná til vöktunar á uppgjörsbrestum og innheimtu og útteilingu fjársekta vegna uppgjörsbresta. Ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 tilgreina einnig rekstrarlegar upplýsingar um uppgjörskaupferlið sem um getur í ákvæðum 3. til 8. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
- 2) Ákvæðum framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 var breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1212 <sup>(3)</sup> til að fresta gildistökudegi framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 fram til 1. febrúar 2021. Þeim frestaða gildistökudegi var frestað aftur til 1. febrúar 2022 með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/70 <sup>(4)</sup>.
- 3) Hagsmunaaðilar hafa þó lagt fram gögn um að skyldubundin uppgjörskaup gætu aukið lausafjárþrýsting og kostnað vegna verðbréfa sem hætta er á að falli undir uppgjörskaup. Slík áhrif gætu aukist enn frekar ef upp kemur flókt á markaði. Með hliðsjón af þessu gæti beiting reglna um skyldubundin uppgjörskaup, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og tilgreindar eru nánar í framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229, haft neikvæð áhrif á skilvirkni og samkeppnishæfni fjármagnsmarkaða í Sambandinu. Þau áhrif gætu aftur leitt til meira verðbils kaup- og sölutilboða, minni markaðsskilvirkni og minni hvata til að lána verðbréf á mörkuðum með verðbréfalánveitingar og endurhverf verðbréfakaup og til að gera upp viðskipti í gegnum verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í Sambandinu. Því er gert ráð fyrir að kostnaður við að beita reglum um skyldubundin uppgjörskaup, eins og nú er tilgreint í reglugerð (ESB) nr. 909/2014, vegi þyngra en hugsanlegur ávinningur.
- 4) Ákvæðum 5. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 hefur verið breytt með 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/858 <sup>(5)</sup>. Sú breyting gerir ráð fyrir möguleika á mismunandi gildistökudögum fyrir hverja ráðstöfun í tengslum við aga í uppgjöri sem um getur í 1. til 13. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, eins og nánar er tilgreint í framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229, með það að markmiði að veita nægan tíma til að endurmeta rammann um aga í uppgjöri sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014, einkum reglur um skyldubundin uppgjörskaup.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 266, 13.10.2022, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 frá 25. maí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri (Stjtíð. ESB L 230, 13.9.2018, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1212 frá 8. maí 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri (Stjtíð. L 275, 24.8.2020, bls. 3).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/70 frá 23. október 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 um tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri, að því er varðar gildistöku hennar (Stjtíð. L 27, 27.1.2021, bls. 1).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/858 frá 30. maí 2022 um tilraunaregluverk fyrir innviði markaða sem byggjast á dreifðri færsluskráartækni og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 909/2014 og tilskipun 2014/65/ESB (Stjtíð. L 151, 2.6.2022, bls. 1).

- Því er nauðsynlegt að tryggja að þau ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 sem tengjast skyldubundnum uppgjörskaupum, komi ekki til framkvæmda fyrir en endurmatinu er lokið. Það myndi einnig tryggja að markaðsaðilar stofni ekki til tvöfalds kostnaðar við framkvæmd ef reglunum er breytt vegna endurskoðunar á reglugerð (ESB) nr. 909/2014 <sup>(6)</sup>.
- 5) Þar af leiðandi ættu ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 um skyldubundin uppgjörskaup ekki að koma til framkvæmda á gildistökudegi þessarar reglugerðar heldur 2. nóvember 2025.
  - 6) Samkvæmt 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og 5. mgr. 76. gr. þeirrar reglugerðar, eins og hún var áður en henni var breytt með reglugerð (ESB) 2022/858, var 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 <sup>(7)</sup> felld brott frá og með gildistökudegi framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229, til að endurspegla þá staðreynd að frá og með þeirri dagsetningu var reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 ætlað að samræma ráðstafanir á vettvangi Sambandsins til að koma í veg fyrir og takast á við uppgjörsbresti með víðtækara gildissvið en reglugerð (ESB) nr. 236/2012. Þar sem ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 sem eiga við um skyldubundin uppgjörskaup munu ekki koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar fyrir en 2. nóvember 2025, er nauðsynlegt að kveða á um þau uppgjörskaupafæri sem áður var mælt fyrir um í 15. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 þar til að reglurnar sem mælt er fyrir um í 21. til 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1229 koma til framkvæmda.
  - 7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 til samræmis við það.
  - 8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
  - 9) Í ljósi takmarkaðs gildissviðs breytinganna, nauðsynjar þess að veita markaðsaðilum skýrleika eins fljótt og auðið er, og þess framlags sem markaðsaðilarnir hafa nú þegar veitt til samráðs við almenning sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðhafði í tengslum við tillögu að nýrri löggjöf fyrir reglugerð (ESB) 2022/858, hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki eftir til opins samráðs við almenning. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur engu að síður gert víðtæka greiningu á mögulegum tengdum kostnaði og ávinningi og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(8)</sup>. Við samningu draganna að tæknilegu eftirlitsstöðlunum hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einnig verið í samstarfi við aðilana að Sedlabankakerfi Evrópu.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *I. gr.*

#### **Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229**

Framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 41. gr. a bætist við IV. kafla, Lokaákvæði:

„41. gr. a

#### **Umbreytingarákvæði**

Fram til 2. nóvember 2025 skal miðlægur mótaðili í aðildarríki sem veitir stöðustofnunarþjónustu vegna hlutabréfa tryggja að verklagsreglur séu til staðar til að uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- 
- <sup>(6)</sup> Þann 16. mars 2022 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögu að nýrri löggjöf um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 909/2014 til að auka skilvirkni uppgjörsmarkaða Sambandsins en tryggja fjármálastöðugleika um leið ([https://ec.europa.eu/info/publications/220316-central-securities-depositories-regulation-review\\_en](https://ec.europa.eu/info/publications/220316-central-securities-depositories-regulation-review_en)).
- <sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).
- <sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórna rinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- a) ef einstaklingur eða lögaðili sem selur hlutabréf getur ekki afhent hlutabréfin til uppgjörs innan fjögurra viðskiptadaga frá þeim degi sem uppgjorið á að fara fram skal ferli sjálfkrafa hrundið af stað til að kaupa verðbréf á markaði til að tryggja afhendingu vegna uppgjörs,
  - b) ef uppgjörskaup á hlutabréfum til afhendingar eru ekki möguleg skal greiða fjárhæð til kaupandans á grundvelli virðis hlutabréfanna sem ber að afhenda á afhendingardeginum auk fjárhæðar til að standa straum af tapi kaupandans vegna þess að uppgjorið gekk ekki eftir,
  - c) einstaklingur eða lögaðili sem stendur ekki við uppgjör endurgreiðir allar greiddar fjárhæðir skv. a- og b-lið.“
- 2) Ákvæðum 42. gr. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:  
„**Gildistaka og framkvæmd**“,
  - ii. Eftirfarandi undirgrein er bætt við:  
„Þær ráðstafanir í tengslum við aga í uppgjöri sem settar eru fram í 21. til 38. gr. skulu þó ekki koma til framkvæmda fyrr en 2. nóvember 2025.“

2. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---